



# Ísland og hnattvæðingin

- staða launafólks

Tillögur ASÍ um ábyrga og réttláta hnattvæðingu

## DRÖG



# Inngangur

Hnattvæðingin felur í sér ný tækifæri sem geta hjálpað okkur að auka og efla velferðarsamfélagið sem við höfum byggt upp. Á hinn bóginn eru ýmsar hættur samfara hnattvæðingu sem nauðsynlegt er að takast á við. Hnattvæðingin endurspeglar þannig ákveðna sérhæfingu sem er liður í að hagkerfi heimsins verði hagkvæmari sem aftur tryggir okkur tækifæri til að auka útflutning og fjölga störfum en einnig að lækka vöruverð.

Mikilvægt er þó að afmarka ekki umræðuna við áhrif hnattvæðingarinnar, heldur beina sjónum fremur að hæfileikum einstaklinga og samtaka til að aðlagast breyttum aðstæðum sem við stöndum frammi fyrir. Réttur allra til vinnu á mannsæmandi kjörum við viðunandi vinnuáðstæður er forsenda fyrir velferðarþjóðfélagi sem byggir á jafnrétti og jöfnuði. Í dag taka yfir 150 milljónir launamanna víðsvegar um heiminn þátt í skipulögðum samtökum launafólks til þess að berjast fyrir þessu sömu markmiðum. Til þess að launafólk fái notið jákvæðra áhrifa hnattvæðingarinnar vill ASÍ **ábyrga og réttláta hnattvæðingu**, þar sem tekið er tillit til mannréttinda, vinnuumhverfis, náttúruverndar og félagslegra réttinda á forsendum öflugs velferðarkerfis. Því gerum við þá kröfu að aukinn hagvöxtur og frjáltsari heimsviðskipti verði í ríkari mæli grundvölluð á félagslegum, umhverfislegum og siðferðilegum gildum, fremur en einungis viðskiptalegum. Þannig fái allir notið ávaxtanna af hnattvæðingunni, en ekki bara sumir.

Hnattvæðingin verður ekki ábyrg og réttlát af sjálfu sér. Við verðum að taka virkan þátt bæði innanlands og á alþjóðavettvangi í að skapa hagstæð skilyrði og ramma fyrir það sem mestu máli skiptir – stöðu og réttindi einstaklinganna - félaga okkar.

Forsenda þess að Ísland geti nýtt sér þau tækifæri sem hnattvæðingin skapar, er að fólk og fyrirtæki búi við stöðugleika í sínum ytri aðstæðum. Þetta á jafnt

við um efnahagslega hlið stöðugleikans, á borð við stöðugt gengi og lága verðbólgu, en einnig félags- og vinnumarkaðslega hlið hans, svo sem traust réttindi á vinnumarkaði og félagslegt réttlæti.

Óábyrg stefna stjórnvalda í málefnum vinnumarkaðarins og aðhaldsleysi opinberra stofnanna gagnvart augljósum brotum einstakra atvinnurekenda á grundvallarréttindum erlendra starfsmanna, hefur haft í för með sér verulega óvissu og óöryggi alls launafólks á Íslandi. Takmarkaður vilji til þess að skapa aðstöðu og tryggja fjármagn til að auðvelda erlendu verkafólki og fjölskyldum þeirra að aðlagast íslensku samfélagi, bæði hvað varðar íslenskukennslu og fræðslu um réttindi þeirra og skyldur, hefur leitt til félagslegar einangrunar.

Við viljum að hér sé til öflugt velferðarkerfi sem tryggi öllum íbúum félagslegt réttlæti og efnahagslegt öryggi. Þannig drögum við úr ójöfnuði og tryggjum samstöðu meðal þjóðarinnar.

Í þessu hefti viljum við lýsa þeim áskorunum sem launafólk stendur frammi fyrir í ljósi hnattvæðingarinnar. Jafnframt viljum við leggja fram tillögur um hvernig hægt er að stýra hnattvæðingunni til að draga fram jákvæðar hliðar hennar, bæði innanlands og á alþjóðavísu, og einnig hvernig við getum betur mætt þeim áskorunum sem felast í hnattvæðingunni. Umfram allt þó er markmiðið með þessu hefti að vekja okkur sjálf til umhugsunar um okkar eigið starf innan verkalýðshreyfingarinnar – hvernig við erum í stakk búin til að taka á móti þeim áskorunum og ögrunum sem hnattvæðingin felur í sér. Er skipulag og uppbygging verkalýðshreyfingarinnar að auðvelda og hjálpa okkur? Eru þau verkefni sem við ráðstöfum mestum tíma og fjármunum í, þau mikilvægustu í ljósi áhrifa hnattvæðingarinnar? Eru réttindakerfi okkar, uppbygging þeirra og form, að skila launafólki raunverulegu og öruggu öryggis- og velferðarkerfi?

# Getum við stoppað hnattvæðinguna?

Sumir telja að hægt sé að stöðva hnattvæðinguna, það skorti bara viljann. Að stöðva hnattvæðinguna krefst hins vegar að Ísland einangri sig frá alþjóðasamfélaginu.

Við gætum, sem dæmi, hækkað tolla og gjöld af innfluttum vörum þannig að það borgi sig ekki að selja innfluttar vörur í búðum – líkt og gert er með landbúnaðarafurðir.

Vandinn er sá að þá myndu aðrar þjóðir setja tolla og gjöld á íslenskar vörur, t.d. fullunnar fiskafurðir og ýmsan iðnaðarvarning eins og vélar og tæki fyrir matvælaíðnað, lyf eða hugbúnað.

Afleiðing þessa yrði vítahringur sem erfitt yrði að komast út úr, þar sem einstaka lönd myndu reyna að kæfa stöðu hvers annars með því að banna innflutning hvert frá öðru.

Þetta myndi leiða til mikils atvinnuleysis, því fyrirtækin gætu ekki selt vörur sínar nema á hinum afmarkaða innlenda markaði. Vörurnar yrðu líka mun dýrari því ekki væri hægt að kaupa þær þar sem þær eru ódýrastar.

Þetta yrði mjög óhagkvæm þróun, sérstaklega fyrir lítið land eins og Ísland sem hefur byggt velferð sína upp á að selja vörur og þjónustu á heimsmarkaði. Við getum ekki án þeirra tekna verið sem við höfum af því að selja vörur og þjónustu á erlendum mörkuðum, ef við viljum byggja upp sterkt og réttlátt velferðarsamfélag.

Í dag vitum við að það er samhengi milli þess hversu rík löndin eru og hversu opin þau eru fyrir viðskiptum.

## Hvað er hnattvæðing?

Hugtakið „hnattvæðing“ felur í sér að íbúar og lönd tengjast nánari böndum, bæði pólitískt, viðskiptalega, efnahagslega, félagslega og menningarlega.

Sem dæmi um hnattvæðingu má nefna:

- Fleiri samninga um frjáls viðskipti milli landa.
- Ódýrari flutning á vörum, þannig að verð þeirra hækki ekki mikið þótt þær séu fluttar langar leiðir.

- Vörur sem í vaxandi mæli eru framleiddar þar sem ódýrast og best er fyrir framleiðslu fyrirtækin að framleiða þær.
- Auðveld, hröð og ódýr alþjóðleg samskipti með Internetinu, netpósti, síma og flugsamgöngum.
- Aukin alþjóðleg skipti á þekkingu og tækni.
- Ólíka menningarheima og dagleg samskipti og tengsl – með þeim auknu kröfum sem það gerir til þess að hægt sé að ræðast við, vinna og lifa saman.

## Hnattvæðing er af hinu góða

Alþýðusamband Íslands telur hnattvæðinguna vera af hinu góða því hún felur í sér afgerandi kosti fyrir launafólk:

- Við fáum tækifæri til að selja fleiri vörur í útlöndum og fjölga störfum.

- Vörurnar verða ódýrari, því við getum keypt þær þar sem ódýrast er að framleiða þær.
- Ríkt samfélag veitir okkur betri forsendur til að verja velferðarkerfið og heilbrigðiskerfið.



## Hnattvæðingin verður að vera ábyrg og réttlát

Mikilvægt er að hafa í huga að leikreglur hnattvæðingarinnar hafa orðið til í samspili innlendra og alþjóðlegra reglna sem settar hafa verið um vinnumarkað, fjárfestingar og viðskipti. Það er því augljóst að hnattvæðingin byggir á pólitísku vali og ákvörðunum.

Alþýðusambandið telur það þýðingarmikið að hnattvæðingin sé í senn ábyrg og réttlát. Aukinn hagvöxtur og frjáls viðskipti í heiminum mega ekki gerast á kostnað félagslegra, umhverfislegra og siðferðilegra sjónarmiða.

Því telur ASÍ að öll samtök, ríki og allt alþjóðasamfélagið eigi að skuldbinda sig til þess að vinna að því að hnattvæðingin leiði til aukinnar velferðar, félagslegrar samstöðu, sjálfbærni og góðs atvinnulífs fyrir alla.

Hnattvæðingin á að vera jákvæð í augum launafólks, bæði á Íslandi og alls staðar annars staðar.

Því má segja að hún feli í sér fjórar áskoranir, bæði gagnvart Íslandi og alþjóðasamfélaginu, verkalýðshreyfingu og einstaklingum:

1. Hnattvæðingin krefst meiri samábyrgðar því við verðum sífellt háðari stefnu og athöfnum hvers annars.
2. Hnattvæðingin krefst aukinnar alþjóðlegrar reglusetningar með tækifærum til þess að beita skilvirkum refsiaðgerðum gagnvart löndum og fyrirtækjum sem fylgja ekki alþjóðlegum leikreglum.
3. Hnattvæðingin krefst þess að við tryggjum sveigjanleika launafólks, menntun þess og aðlögunarhæfni, til tryggja viðunandi starfsaðstæður fyrir alla.
4. Hnattvæðingin krefst þess að verkalýðshreyfingin tengi starf sitt í nærsamfélaginu - nálægðinni við félagsmennina, við starf heildarsamtaka og alþjóðasamtaka, með það að markmiði að endurnýja stöðugt forsendur samstöðunnar  
– í raun að hnattvæða samstöðuna.

Þær kröfur, sem hnattvæðingin gerir til okkar, snúast um að treysta og viðhalda samkeppnishæfni



Íslands á alþjóðamörkuðum, án þess að það gangi á hagsmuni umhverfisins eða launafólks. Því verður að efla og treysta vinnumarkaðinn, menntakerfið og rannsóknarumhverfið reglulega.

ASÍ telur einnig nauðsynlegt að auka og bæta með lagasetningu samfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Þær kröfur, sem hnattvæðingin gerir til alþjóðasamfélagsins snúast aðallega um að bæta alþjóðlegar reglur um viðskipti og réttindi launafólks á þann veg að þær skapi í senn ábyrgan og réttlátan alþjóðlegan ramma fyrir skilmála hnattvæðingarinnar.

ASÍ telur mikilvægt að auka umræðu og þekkingu innan sinna vébanda á verkefnum og vandamálum sem alþjóðleg verkalýðshreyfing stendur frammi fyrir. Stéttarfélagin, landssamböndin og heildarsamtökin verða að vera vel upplýst um gang mála til að geta sinnt kallinu þegar þörf er á að sýna samstöðu til að brjóta á bak aftur neikvæðar afleiðingar hnattvæðingarinnar.

Ísland hefur auðvitað ekki eitt og sér styrkleika til þess að koma á alþjóðlegum reglum, en það mun

ekki takast að gera hnattvæðinguna ábyrga án slíkra reglna. Því er mikilvægt að vinna þessu fylgi á alþjóðavettvangi.

Alþjóðusambandið telur að með aukinni hnattvæðingu hafi kröfurnar um ábyrgð stjórnvalda á samþættri stefnu í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum aukist til muna. Íslendingum mun ekki takast að nýta sér þau jákvæðu tækifæri sem hnattvæðingin býður upp á ef ekki tekst að tryggja og viðhalda stöðugleika í afkomu og ytri skilyrðum fólks og fyrirtækja.

Sú ólga sem verið hefur í efnahags- og vinnumarkaðsmálum á andanfórnum misserum vegna stefnu ríkisstjórnarinnar hefur verið meginorsök þess að launafólk á Íslandi hefur í ríkari mæli orðið vart við neikvæðar afleiðingar hnattvæðingarinnar á meðan tækifærin sigla framhjá.



## Stefna ASÍ í hnattvæðingunni

Forsenda fyrir háu tekjustigi þjóðarinnar er að búa að góðri samkeppnishæfni svo við getum selt þær vörur sem framleiddar eru. Ef við ætlum jafnframt að leggja eitthvað af mörkum til að gera hnattvæðinguna ábyrgari og réttlátari verður þessi samkeppnishæfni að byggja á endurnýjanleika, virðingu og stöðugleika fyrir vinnuumhverfi, réttindum launafólks og umhverfinu – því sem við getum kallað sjálfbærri og endurnýjanlegri samkeppnishæfni. Markmið ASÍ er því að tryggja slíka samkeppnishæfni

– bæði hér og annars staðar í heiminum – og leggja samtökin því fram sex mismunandi áherslusvið sem innlegg í mótun stefnu í ábyrgri og réttlátri hnattvæðingu. Alþýðusambandið leggur einnig til að í komið verði á virku samráði stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, þar sem hægt verður að ræða og móta sameiginlega afstöðu til einstakra þátta ábyrgtrar hnattvæðingar.

### Sex áherslusvið ASÍ í stefnu um ábyrga og réttláta hnattvæðingu:

1. Treysta verður forsendur stöðugleika
2. Treysta verður stöðu fólks á vinnumarkaði
3. Efla verður menntun og mannauð
4. Efla verður rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun
5. Auka verður alþjóðlega samvinnu og reglusetningu
6. Tryggja verður samfélagslega ábyrgð fyrirtækja

### Tillögur OECD, Efnahags- og framfarastofnunarinnar, til að mæta hnattvæðingunni

- Leggja verður áherslu á efnahagsstefnu sem treystir stöðugleika og varanlegan hagvöxt.
- Stefnan í vinnumarkaðsmálum þarf að miða að því að auka hæfni launafólks til að takast á við skipulagsbreytingar í samfélaginu ásamt því að tryggja öryggisnet þeirra sem verða fyrir barðinu á endurskipulagningu og hagræðingu atvinnulífsins og þurfa að bera af því mikinn persónulegan kostnað.

- Reglur og stofnanir efnahagskerfisins eiga að ýta undir opið upplýsingastreymi og frjálsa samkeppni, án þess að það hafi of mikinn kostnað í för með sér fyrir fyrirtækin.
- Efnahagsstefnan verður að ýta undir skipulagslegar breytingar en viðhalda á sama tíma víðtæku þríhliða samstarfi.
- Viðskipta- og fjárfestingastefnan verður að ýta undir nýsköpun, sérstaklega í þjónustugeiranum.

# 1. Treysta verður forsendur stöðugleika

Til þess að Íslendingar geti nýtt sér þau tækifæri sem hnattvæðingin býður upp er mikilvægt að tryggja stöðugleika í afkomu og starfsskilyrðum fólks og fyrirtækja. Efnahagslegur stöðugleiki er forsenda þess að hér verði hægt að byggja upp sjálfbæran hagvöxt til lengri tíma, auka kaupmátt launa varanlega og tryggja fjölgun góðra starfa til frambúðar. Félagsglegur stöðugleiki með traustum réttindum á vinnumarkaði og félagslegu réttlæti er forsenda þess að við getum byggt upp öflugan vinnumarkað með launafólki sem getur tekist á við áskoranir hnattvæðingarinnar. Öryggi í afkomu þrátt fyrir ytri áföll vegna veikinda eða atvinnumissis er mikilvægt. Til þess að koma á efnahags- og félagslegum stöðugleika þurfum við að leggja áherslu á:

- Að auka skilning stjórnmalanna fyrir mikilvægu hlutverki hagstjórnar við að tryggja stöðugleikann. Leggja verður áherslu á að byggja upp jafnan og góðan hagvöxt til lengri tíma með því að skapa almenn skilyrði í hagkerfinu fyrir uppbyggingu, í stað þess að keyra upp mikinn tímabundinn hagvöxt með mjög stórum fjárfestingarverkefnum sem valda ruðningsáhrifum hjá útflutnings- og samkeppnisgreinum og miklum sveiflum í gengi og verðlagi.
- Forgangsverkefni í hagstjórn eru:
  - Að ná tókum á verðbólgu
  - Að tryggja stöðugra gengi til að draga úr miklum afkomusveiflum, annars vegar hjá útflutnings- og samkeppnisgreinum, og hins vegar hjá launafólki og einnig til að gera íslenskt atvinnulíf að raunverulegum kosti í augum erlendra fjárfesta.
  - Að bæta félagsleg réttindi á borð við atvinnu leysisbætur, rétt til menntunar og símenntunar sem árangursríka leið til að treysta stöðugleika.

Hvað þarf að gera:

- Koma á ábyrgri hagstjórn sem byggir í ríkari mæli á notkun ríkisfjármála til að jafna sveiflur í hagkerfinu fremur en peningamála. Þannig haldi ríkisvaldið að sér höndum þegar þensla er, en auki frekar útgjöld þegar slaki er í hagkerfinu. Þetta á fyrst og fremst við framkvæmdir og ákvarðanir um nýja eða bætta þjónustu - ekki er ráðlegt að nota grunnstoðir samfélagsins, s.s. velferðarkerfið til að jafna hagsveiflur. Einnig kemur til greina að nota skattakerfið þannig að skattar séu frekar lægri þegar illa árar og hærri þegar vel árar.
- Koma verður á formlagra samstarfi aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum þar sem Seðlabanka verði einnig boðin þátttaka.
- Fram fari vönduð og fordómalaus umræða um kosti og galla þess að taka upp evru.
  - Ávinningur af upptöku evru yrði margþættur; auðveldara yrði fyrir stjórnvöld að viðhalda verðstöðugleika, vextir myndu lækka, fjármála markaðurinn stækka og eflast, flæði fjármagns milli landa yrði auðveldara, samkeppni ykist þar sem innkoma erlendra aðila á markaðinn yrði raunhæfur kostur og utanríkisviðskipti yrðu ódýrari.
  - Upptaka evru yrði þó ekki gallalaus. Við þær aðstæður, að íslenskt efnahagslíf lendi tímabundið úr takti við efnahagslíf annarra landa í myntbandalaginu - hvort sem það yrði vegna ytri áfalla á borð við aflabrest eða verðhrun á fiskmörkuðum eða ákvarðana sem teknar yrðu innanlands á borð við fjárfestingar í stóriðju, myndi reyna mikið á innlenda hagstjórn. Mistök í hagstjórninni við slíkar aðstæður gætu valdið mjög mikilli verðbólgu eða miklu atvinnuleysi.



## 2. Treysta verður stöðu fólks á vinnumarkaði

Hnattvæðingin gerir miklar kröfur um sveigjanleika í fyrirtækjum til að standast alþjóðlega samkeppni. Á sama tíma verður að treysta reglur og réttindi á vinnumarkaði og tryggja að launafólk búi bæði við örugga afkomu, ef atvinnumöguleikum þess er ógnað, og umfram allt tækifæri og stuðning við að treysta stöðu sína með virkum vinnumarkaðs- aðgerðum og raunverulegum starfs- og endurmenntunaráhræðum. Á vinnumarkaði þarf að vera jafnvægi á milli öryggis launafólks og sveigjanleika fyrirtækja. Slíkt fyrirkomulag á vinnumarkaði er oft kallað „sveigjanleiki með öryggi“ (e. flexicurity). Hér á landi eru allar forsendur til að byggja upp gott og framsækið fyrirkomulag á vinnumarkaði sem einkennist af „sveigjanleika með öryggi“. Grunnurinn að því að til takist eru öflug samtök launafólks og atvinnurekenda, þróuð og traust samskipti á vinnumarkaði og öflugt samráð stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Þá þarf að vera til staðar öflugt velferðarkerfi og menntakerfi sem tryggir öllum góða grunnmenntun og síðan endur- og eftirmenntun.

Verkalýðshreyfingin hefur á síðustu misserum náð ýmsum mikilvægum áföngum sem miða að því að treysta stöðu launafólks og styrkja vinnumarkaðinn. Þar má nefna hækkun og tekjutengingu atvinnuleysisbóta, ákvörðun um eflingu vinnumarkaðsaðgerða, uppbyggingu starfsmenntakerfisins, framsækna löggjöf um fæðingar- og foreldraorlof, löggjöf og reglur sem hafa að markmiði að treysta stöðu útlendinga á vinnumarkaði, ábyrgð á launum við gjaldþrot og þannig mætti áfram telja.





- Með samkomulagi ASÍ og SA við stjórnvöld í nóvember 2005 náðist mikilvægur áfangi í að **atvinnuleysistryggingakerfið** tryggi atvinnulausum afkomuöryggi á meðan þeir takast á við breytingar á vinnumarkaði. Halda verður áfram að treysta og efla réttindi launafólks í þessu kerfi.
- Efla skal **vinnumarkaðsaðgerðir** sem felast í því að aðstoða fólk við að finna starf við hæfi og símenntun til að tryggja að fólk geti nýtt sér tækifæri á vinnumarkaði sem bjóðast. Sérstaklega þarf að huga að ungu fólki á vinnumarkaði og eldra fólki. Mikilvægt er að aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld vinni saman að öflugum vinnumarkaðsaðgerðum, m.a. með beinni þátttöku einstakra stéttarfélaganna. Innleidd verði í íslenska löggjöf efnisatriði tilskipana Evrópusambandsins um **upplýsingar og samráð**.
- Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 158 um ráðningarrétt og rökstuddar uppsagnir verði fullgild hér á landi.
- Við aðlögun að breyttum aðstæðum, hvort sem hún felst í hagræðingu, sameiningu fyrirtækja

eða innleiðingu á nýrri tækni, verður að eiga sér stað virk upplýsingamiðlun, samráð og samningaviðræður á öllum stigum breytinganna, þar sem tekið er tillit til allra hagsmunaaðila.

- Jafn réttur og jöfn tækifæri **kvenna og karla** til launa og starfa eru grundvallarréttindi.
- Mikilvægur þáttur í því sambandi er gagnsæ launastefna.
- Konum og körlum sé gert mögulegt að samræma fjölskylduábyrgð og þátttöku á vinnumarkaði, óháð fjölskylduformi.
- Innleiddir verði í íslenska löggjöf efnisþættir tilskipana Evrópusambandsins um jafna meðhöndlun og bann við mismunun á vinnumarkaði. Allt launafólk á íslenskum vinnumarkaði njóti sömu réttinda í skjóli samræmdrar og heildstæðrar löggjafar.
- Koma í veg fyrir mismunun fólks af **erlendum uppruna** á íslenskum vinnumarkaði, m.a. með því að tryggja því aðgang að námi í íslensku og fræðslu um íslenskt samfélag því að kostnaðarlausu.

### 3. Efla verður menntun og mannauð



Mikilvægi þekkingar eykst stöðugt; fyrir einstaklinga, fyrirtæki og samfélagið. Uppbygging þekkingar eykur hæfni einstaklinga á vinnumarkaði og nýtist þannig þeim, atvinnulífinu og samfélaginu öllu. Menntun í atvinnulífinu er því sameiginlegt hagsmunamál og viðfangsefni samtaka launafólks og atvinnurekenda. Þar hafa stjórnvöld einnig skyldum að gegna.


Samtök launafólks hafa á undanförnum árum lagt sífellt meiri áherslu á menntamál og vinna út frá því að menntun sé ævistarf, auk þess sem gerð er krafa um endurnýjun og viðhald þekkingar með símenntun. Mikilvægt er að samtök launafólks gæti hagsmuna félagsmanna sinna með því að taka virkan þátt í mótun og framkvæmd menntunar. Þá er einnig mikilvægt að Íslendingar taki virkan þátt í umræðu og samstarfi um menntamál á alþjóðavísu og hagnýti sér þá þekkingu og reynslu sem þar verður til. Mikilvægi tungumálakunnáttu Íslendinga verður stöðugt meira.

Á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar hefur rík áhersla verið lögð á að efla samstarf samtaka launafólks, atvinnurekenda, fræðslustofnana og stjórnvalda við uppbyggingu og þróun símenntunar. Mikilvægt er að því starfi verði haldið áfram og það eftt enn frekar.

Verkalýðshreyfingin vill að litið sé á menntakerfið í heild þar sem áhersla er lögð á að tryggja öllum tækifæri til menntunar. Því verður að byggja upp öflugt og lifandi grunnmenntakerfi fyrir alla, þar sem ungt fólk hefur tækifæri til að búa sig undir líf og starf. Fullorðið fólk sem sækir formlegt nám þarf að fá reynslu og hæfni metna til styttingar á námi. Áhersla skal lögð á að ekki myndist blindgötur í skólakerfinu. Um leið verður að tryggja fólki sem komið er út á vinnumarkaðinn rétt og aðstæður til að sækja endur- og eftirmenntun til að styrkja sig í starfi eða auðvelda því að skipta um starf. Lögð skal áhersla á að fólki á vinnumarkaði standi til boða náms- og starfsráðgjöf.

Íslenskt samfélag verður stöðugt alþjóðlegra. Verkalýðshreyfingin leggur áherslu á að nýbúum hér á landi verði sköpuð skilyrði til að taka virkan þátt í íslensku samfélagi og á vinnumarkaði. Þar gegnir menntun lykilhlutverki.

- **Grunnmenntun** fyrir alla án tillits til efnahags, búsetu og félagslegrar stöðu, er hornsteinn raunverulegs jafnréttis til náms. Þannig verði öllum veitt góð grunnmenntun við hæfi, þar sem tryggt verði að allir ljúki formlegu námi á þessu stigi, af einhverju tagi.
- **Nýtt tækifæri** til náms verði veitt þeim einstaklingum sem hafa ekki náð að ljúka formlegu námi á grunn- eða framhaldsskólastigi sér að kostnaðarlausu. Er það gert m.a. með þróun starfsmenntabrauta.
- **Símenntun** fyrir almennt launafólk verði eflað til muna og hún gerð markvissari með það að markmiði að auka aðlögunarhæfni þess og sveigjanleika. Með það í huga þarf að móta starfstengda símenntun á vinnutíma og starfsþjálfun á vinnustað. Einnig þarf að jafna misgengi á milli þarfa atvinnulífsins, þekkingar í samfélaginu og þarfa einstaklinganna.



## 4. Efla verður rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun

Hnattvæðingin þýðir að forsendur alþjóðlegs samstarfs breytast ört. Tækniframfarir og kröfur neytenda setja þrýsting á atvinnulífið um laga sig að síbreytilegum aðstæðum og viðhalda samkeppnishæfni sinni. Mikilvægt er að samkeppnishæfni fyrirtækja grundvallist á raunverulegri framleiðniaukningu og hafna ber hugmyndum um samkeppnishæfni grundvallaða á skattaundirboðum og launalækkunum. Til að komast hjá því er mikilvægt að atvinnustefnan miði að því að skapa og endurnýja sífellt forsendur fyrir aukinni verðmætasköpun sem byggir á hátækni og upplýsingatækni. Aðeins þannig munum við komast undan því að taka upp beina samkeppni við nýiðnaðarrikin á forsendum launanna einna. Það er því augljóst að stefna um rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun gegnir þýðingarmiklu hlutverki innan heildstæðrar atvinnustefnu og er lykilatriði í að takast á við neikvæðar afleiðingar hnattvæðingarinnar.

- Sameina þarf krafta opinberra rannsóknarstofnana og tengja þær betur við skóla og atvinnulíf.
- Hagsmunaaðilar samræmi áform um uppbyggingu þekkingarmiðstöðvar sem þjóni landinu öllu, m.a. í gegnum net þekkingarsetra í byggðakjörnum.
- Þátttaka í alþjóðlegu rannsóknar-, tækniþróunar- og

nýsköpunarstarfi verði hluti af útrás atvinnulífsins.

- Auka þarf heildarútgjöld frá hinu opinbera og einkaaðilum til rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar. Jafnframt þarf að tryggja að fjármagnið sé nýtt sem best. Sameina á skylda sjóði; auka á vægi samkeppnissjóða; stuðla á að samfellu og gagnsæi í starfsháttum sjóða; nota á sjóði sem tæki til að stuðla að samvinnu ríkis, skóla og atvinnulífs þvert á hefðbundna skiptingu í faggreinar. Stjórnvöld beiti útboðum í auknu mæli til að styðja við nýsköpun.
- Við undirbúning atvinnuþróunarverkefna verður að vinna með opnum, faglegum og lýðræðislegum hætti þar sem leitast er við að draga fram heildstæða mynd af áhrifum þeirra. Fjárfestingar verða að standast strangar kröfur um arðsemi svo og önnur skilyrði, svo sem eins og þau sem rammaáætlanir og mat á umhverfisáhrifum kunna að setja.
- Grunngerð atvinnulífsins, svo sem samgöngu-, fjarskipta- og orkudreifingakerfið og uppbygging byggðakjarna, þjóni fyrst og fremst uppbyggingu á alþjóðlega samkeppnishæfu atvinnulífi.
- Þær atvinnugreinar sem fyrir eru í landinu verða að búa yfir eðlilegum sveigjanleika til að halda áfram að þróast í samkeppni.



## 5. Áhrif á alþjóðlega samvinnu og reglusetningu

Til að tryggja launafólki viðunandi starfsskilyrði alls staðar í heiminum verður að setja bindandi alþjóðlegar reglur um vinnumarkað, fjárfestingar og viðskipti. Því er þátttaka okkar, bæði heildarsamtakanna og landssambandanna og stjórnvalda, í alþjóðlegu samstarfi afar mikilvæg. Þannig er mikilvægt að íslensk stjórnvöld beiti sér á alþjóðavettvangi fyrir setningu reglna sem tryggja ábyrga og réttláta hnattvæðingu og sjálfbæra samkeppnis-

hæfni. Að sama skapi ber Alþýðusambandið ábyrgð á þátttöku í þríhliða samstarfi launafólks, fyrirtækja og stjórnvalda, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi, við að móta og innleiða reglur til að tryggja ábyrgari og réttlátari hnattvæðingu. Landssamböndin eru einnig virkir þátttakendur og gerendur í alþjóðastarfi starfs- og atvinnugreinasambandanna, hvert á sínu sviði.

### ■ Á norrænum vettvangi.

- Samstarf innan NFS, Samtök norrænna heildarsamtaka, við mótun sameiginlegra áherslna á alþjóðavettvangi.
- Mikilvægt er fyrir norræna verkalýðshreyfingu að kynna áherslur og lausnir í hinu norræna samfélagskerfi sem mikilvægt mótvægi við neikvæðar hliðar hnattvæðingarinnar.

### ■ Á Evrópuvettvangi:

- Samstarf innan ETUC, Samtaka evrópskra verkalýðsfélaga, við mótun félagslegra réttinda launafólks í Evrópu.
- Rammasamningar á Evrópuvísu, bæði á vettvangi heildarsamtaka og starfs- og atvinnugreinasambanda, við atvinnurekendur um mikilvæg réttindi til að koma í veg fyrir neikvæðar afleiðingar hnattvæðingarinnar. Tryggja verður aðferðir til að innleiða slíka samninga heima fyrir og til lengri tíma lítið að koma upp Evrópskum félagsdómi.



## ■ **Á vettvangi Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, ILO:**

- Að öllum aðildarríkjum ILO verði gert skylt að taka upp skilvirk viðurlög og refsingar gagnvart fyrirtækjum sem ekki virða grundvallarréttindi launafólks og leikreglur vinnumarkaðarins.
- Setja grundvallarréttindi launafólks og kröfu um mannsæmandi vinnu fyrir alla á dagskrá alþjóðastofnana á borð við Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.
- Tryggja jafnvægi og samræmi milli samþykpta ILO, annarra alþjóðalaga, kjarasamninga og viðskiptasamninga sem þróa verður í alþjóðlegu samstarfi

## ■ **Á vettvangi Alþjóðasambands frjálsra verkalýðafélaga, ICFTU**

Alþjóðasamtök frjálsra verkalýðsfélaga, ICFTU, eru samtök rúmlega 150 milljóna launafólks víðs vegar um heim og var ASÍ meðal stofnaðila þeirra í lok fjórða áratugarins. Samtökin gegna mikilvægu hlutverki á alþjóðavettvangi í að samræma og skipuleggja sameiginlega baráttu okkar, m.a. innan ILO og alþjóðaviðskiptastofnana.

- Draga úr viðskiptahindrunum og landbúnaðar styrkjum, einkum þeim sem beinast að fátækum löndum.
- Tryggja að alþjóðaviðskiptasamningar innihaldi ákvæði grundvallarsamþykpta ILO um lágmarksréttindi launafólks og alþjóðasamninga um umhverfisvernd.
- Tryggt verði að við tilslökun viðskiptahindrana verði starfsfólki fyrirtækja sem lenda í samdrætti sköpuð ný atvinna og/eða tækifæri til endurmenntunar eða framhaldsmenntunar til að geta aðlagð sig að breyttum aðstæðum.
- Lækka ber tolla og vörugjöld gagnvart ríkjum sem viðurkenna lágmarksréttindi launafólks, mannréttindi og leyfa opið eftirlit með framkvæmdinni, á meðan löndum sem ekki uppfylla þessi skilyrði verði refsað.
- Verkalýðshreyfingin á að hafa beina aðkomu að eftirliti með því að ríki uppfylli reglur um lágmarksréttindi launafólks og félagslegar aðstæður.



## 6. Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja og fjárfestingar í sjálfbærri framleiðslu

Tryggja verður starfsmönnum, neytendum og fjárfestum raunverulegan möguleika á að velja eða hafna vörum, vinnustöðum eða birgjum, allt eftir hversu ábyrgir og réttlátir þeir eru m.v. félagslegar og umhverfislegar aðstæður. Því verður að móta lagareglur um upplýsinga- og skráningarskyldu fyrirtækjanna, sem með kerfisbundnum hætti upplýsa um ábyrgð þeirra. Byrja verður á skráðum fyrirtækjum og stærri fyrirtækjum en hægt og þíttandi einnig á fyrirtækjum sem starfa utan Íslands.

- Setja verður alþjóðlegar reglur um skyldu fyrirtækja til að upplýsa neytendur um vöruna og uppruna hennar
- Lífeyrissjóðir og fjármálastofnanir setji sér stefnu um félagslega ábyrgar fjárfestingar
- Meiri alþjóðleg ábyrgð í innkaupum hins opinbera
- Kröfur um að skráð fyrirtæki upplýsi um félagslega, vinnuumhverfislega og umhverfislega stöðu innan fyrirtækisins
- Auka verður umræðu meðal stjórnenda um ábyrgð fyrirtækjanna á hnattvæðingunni.



## Grundvallarsamþykktir Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar (ILO)

Samþykktir ILO sem falla undir skilgreininguna um grundvallarréttindi launafólks og sem allar hafa verið staðfestar af Íslands hálfu eru:

### I. Félagafrelsi og kjarasamningsréttur

Samþykkt 87/1948 um "Félagafrelsi og verndun þess"

Samþykkt 98/1949 "Um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega"

### II. Afnáam nauðungar- og skylduvinnu.

Samþykkt 29/1930 "Um nauðungarvinnu"

Samþykkt 105/1957 "Um afnáam nauðungarvinnu"

### III. Afnáam mismunar á vinnumarkaði.

Samþykkt 100/1951 "Um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf"

Samþykkt 111/1958 "Um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs"

### IV. Afnáam barnavinnu.

Samþykkt 138/1973 "Um lágmarksaldur við vinnu"

Samþykkt 182/1982 "Um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausrar aðgerðir til að afnema hana"

